

Sp.

215. Fyrirspurn

[183. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán og eiginfjárstöðu ríkisbankanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var hlutfall heildarfyrirgreiðslu af eigin fé Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til fimm stærstu lántakenda hvers um sig í árslok 1983, 1984 og 1. des. 1985? (Nöfn lántakenda þarf ekki að tilgreina.)
2. Er í einhverju tilfelli um að ræða lántakendur (sbr. 1. lið), einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslu til þeirra í einu lagi?
3. Getur viðskiptaráðherra staðfest að fullnægjandi tryggingar séu fyrir ofangreindum lánafyrirgreiðslum?
4. Hver var eiginfjárstaða ríkisbankanna í árslok 1983, 1984 og 1. des. 1985?